

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980
um vörugjald með áorðnum breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast vörugjald 7% og 17%, sbr. 1. gr., á 87,45% heildsöluverðsins. Svarar það til 6,12% og 14,87% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en vörugjald myndar stofn til söluskatts.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, sbr. 3. gr. laga nr. 12 30. apríl 1981 um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, gildir frá og með 1. maí 1981.

Fjármálaráðuneytið, 8. maí 1981.

Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING


um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Fjallfoss og aðra fossa í Dynjandi í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra á Dynjandisvogi.

Mörk náttúruvættisins eru: Frá odda Meðalness upp í fjallseggjar og með fjallsbrúnum umhverfis voginn og Dynjandisdal allt að mörkum jarðarinnar Dynjandi á Urðarhlíð og með þeim til sjávar í Deild. Þaðan með sjávarströnd að Melanesi. Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Í friðuninni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við Náttúruverndarráð.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.

3. Stefnt skal að verndun kjarrlendis á hinu friðlýsta svæði. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.
4. Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar.



Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 6. maí 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.